

Um persónukjör í Bremen og Hamborg

Porkell Helgason, 31. október 2012

Samantekt

- ✓ Í þýsku borgríkjunum Bremen og Hamborg var lögum um kosningar til borgarþinga gjörbeytt fyrir kosningar á árinu 2011.
- ✓ Tekið upp mjög virkt persónukjör þar sem hver kjósendi fer með 5 krossa í hverri einstakri kosningu (í kjördæmi eða í landskjöri).
- ✓ Áhrifin urðu umtalsverð, þannig að fjarri fór að allir þeir hafi náð kjöri sem skipuðu vinningsæti flokkanna.
- ✓ Ýmsir gallar eru þó á kerfunum sem væri auðvelt að laga.

Bremen og Hamborg eru „lönd“ eða ríki í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Í hverju hinna þýsku landa er kosið til landsþinga, sem heita borgarþing („Bürgerschaft“) í þessum tveimur Hansaborgum. Kosningakerfi hefur nýlega verið gjörbreytt í þeim báðum í kjölfar laga sem kjósendahópar áttu frumkvæði að og voru að lokum staðfest í almennum kosningum. Í báðum borgríkjunum var tekið upp mjög almennt persónukjör. Í minnisblaðinu er þessu lýst nánar og getið áhrifa þessa nýja fyrirkomulags við úthlutun sæta en í báðum borgunum var kosið á árinu.

Persónukjörsákvæðin í borgríkjunum tveimur ganga lengra en víðast hvar annars staðar og eru auk þess nýjustu dæmin um slík ákvæði og því áhugaverð í umræðunni um hliðstæð ákvæði í frumvarpi stjórnlagaráðs um kosningar til Alþingis.

Stjórnarskrárákvæði og kosningalög

Bremen

Í 75. gr. stjórnarskrár Bremen segir m.a. um kosningar til borgarþingsins:

1. mgr. Kosið er til borgarþings í kjördæmunum Bremen og Bremerhaven til fjögurra ára í senn í almennum, jöfnum, beinum, frjálsum og leynilegum kosningum. Nánari ákvæði, einkum um kosningarrétt og kjörgengi, skulu sett í lögum.

2. mgr. Í lögum skal kveðið á um tölu fulltrúa á borgarþinginu.

3. mgr. Framboð sem hljóta minna en fimm af hundraði gildra atkvæða í kjördæmi hljóta ekki sæti í kjördæmi og gildir það bæði í Bremen og Bremerhaven.

(„Artikel 75. Die Mitglieder der Bürgerschaft werden in den Wahlbereichen Bremen und Bremerhaven auf vier Jahre in allgemeiner, gleicher, unmittelbarer, freier und geheimer Wahl gewählt. Das Nähere, insbesondere über Wahlberechtigung und Wählbarkeit, bestimmt das Wahlgesetz.

Die Zahl der Mitglieder der Bürgerschaft wird durch Gesetz festgelegt.

Auf Wahlvorschläge, für die weniger als fünf vom Hundert der Stimmen im Wahlbereich Bremen bzw. im Wahlbereich Bremerhaven abgegeben werden, entfallen keine Sitze.“)

Lög um kosningar til landsþingsins í Bremen er að finna á vefsíðunni:

<http://bremen.beck.de/default.aspx?vpath=bibdata%2fges%2fBrWahlG%2fcont%2fBrWahlG.P6.htm&mode=all>

Hamborg

Að almennum þýskum sið er stjórnarkrá Hamborgarríkis fáorð um fyrirkomulag kosninga til borgarþingsins.

Í 6. gr. 2. mgr. segir: Á borgarþinginu sitja að lágmarki 120 fulltrúar sem kosnir eru í almennum, beinum, frjálsum, jöfnum og leynilegum kosningum.

(„Die Bürgerschaft besteht aus mindestens 120 Abgeordneten, die in allgemeiner, unmittelbarer, freier, gleicher und geheimer Wahl gewählt werden.“)

Stjórnarskrárákvæði og kosningalög fyrir Hamborg er að finna á vefsíðunni:

<http://www.hamburg.de/contentblob/2062200/data/rechtsgrundlagen-fuer-die-hamburg-wahlen-2011.pdf>

Kjördæmi

Bremen

Kjördæmi eru tvö, sjálf borgin Bremen sem á 68 fulltrúa á borgarþinginu og Bremerhaven með 15 fulltrúa.

Kosningarnar eru aðskildar í þessum tveimur kjördæmum. Ekki eru nein „jöfnunarsæti“.

Hamborg

Í kosningalögum Hamborgarríkis er kveðið á um að þingsæti séu a.m.k. 121.

Hamborg er skipt í 17 kjördæmi, hvert með 3 til 5 sæti eða alls 71 sæti.

Að auki er landskjör (sem mætti fremur kalla *alborgarkjör!*). Í landskjörinu er úthlutað 121-71=50 sætum, sbr. það sem síðar segir.

Framboð

Bremen

Boðnir eru fram listar og er mjög frjálst hverjir geta staðið að þeim. Engin fyrirmæli eru um fjölda nafna á lista. Listar skulu vera forraðaðir.

Hamborg

Hvað kjördæmislistana varðar er allt eins og í Bremen. Til dæmis geta einstaklingar boðið sig fram sem einstaklingar.

Aðeins stjórn málasamtök geta boðið fram landslista.

Þar sem lágmark frambjóðenda er ekki tilgreint er erfitt að sjá að einstaklingar geti ekki myndað um sig „samtök“ og komið sér á landslista.

Á landslista geta mest verið 60 nöfn, sem er aðeins 10 fleiri en kjósa skal í landskjörinu.

Frambjóðendur mega vera samtímis á kjördæmis- og landslista.

Kjörseðlar

Bremen

Kjörseðlar í Bremen eru með dálkum fyrir hvert framboð og í hverjum dálki nafn og önnur auðkenni frambjóðenda í þeirri röð sem framboðið tilgreinir.

Framan við hvert listanafn svo og hvern frambjóðanda eru fimm reitir.

Hamborg

Rétt eins og í kosningum til þýska sambandsþingsins fer hver kjósandi í Hamborg með tvenns konar atkvæði (og með fimm krossa undir hvoru). Annars vegar til að velja frambjóðendur (ekki lista) í kjördæmi og hins vegar til að velja á frambjóðendur eða lista í landskjöri. Og eins og hefðin er í Þýskalandi þá ræðst það (nær) alfarið af landskjörinu hvernig þingsætin í heild skiptast á milli lista.

Kjörseðlar eru því tveir og það heilar bækur, 16-32 bls. hvor. Hvert framboð fær a.m.k. eitt blað í hvorri kjörbókinni. Á I. mynd er sýnishorn af leiðbeingarsíðu sem er fremst í kjördæmiskjörbók.



I. mynd: Leiðbeingarsíða um kjörseðil í Hamborg.

Kosningarathöfn

Bremen

Kjósandi fer með 5 jafngilda krossa sem hann getur ráðstafað að vild í hvaða reiti sem er á kjörseðlinum.

Þannig getur hann sett alla krossana við sama lista eða dreift þeim á milli lista eða merkt við frambjóðendur. Hann getur blandað á alla vegu: Sett einn eða fleiri krossa við lista og aðra við einn eða fleiri frambjóðendur hvar á lista sem þeir standa.

Kjörseðill er gildur þótt ekki séu allir fimm krossarnir notaðir, en þá er kjósandinn ekki að fullnýta rétt sinn.

Kjörseðill er ógildur ef notaðir eru fleiri en fimm krossar.

Ekkert væri því til fyrirstöðu að leyfa fleiri en fimm krossa. Hver þeirra hefði þá samsvarandi minna gildi.

Hamborg

Þótt hugsunin sé eins og í Bremen eru talsverð frávik vegna blöndu kjördæmis- og landskjörs.

Í kjördæmunum er aðeins unnt að velja einstaka frambjóðendur, ekki lista (hvorki að hluta né í heild). En krossunum 5 má skipta að vild: Setja þá alla á einn frambjóðanda eða deila þeim út og suður og ekki endilega á frambjóðendur sama lista.

Við landskjörið er eins farið að og í Bremen. Auk þess að merkja við einstaka frambjóðendur má þar krossa við lista í heild sinni með einum eða fleiri krossum eða skipta krossunum á milli lista og frambjóðenda.

Talning

Bremen

Fyrst er fundið fylgi hvers lista, þ.e.a.s. stjórnmalasamtaka. Það er gert með því að telja saman alla krossa greidda hverjum samtökuma svo og frambjóðendum þeirra. Þá eru útilokuð þau samtök í hvoru kjördæminu fyrir sig sem ekki komast yfir 5% þröskuld.

Á grundvelli þessara samtalna atkvæða, þ.e.a.s. krossa, er sætunum skipt á milli stjórnmalasamtaka í hvoru kjördæmanna fyrir sig. Það er gert með reglu Sainte-Laguës, oddatölureglunni.

Stjórnlagadómstólar sumra þýsku landanna hafa bannað notkun reglu d'Hondts sem okkur er kunnugri.

Að lokum er sætum skipt á milli frambjóðenda innan hvers lista. Fyrst er þeim skipt í tvennt hjá hverjum lista annars vegar eftir heildartölu krossa sem færðir eru við listanafnið (listasæti) og hins vegar eftir heildartölu krossa sem greiddir hafa verið einstökum frambjóðendum listans (persónusæti). Hér er aftur skipt eftir reglu Sainte-Laguës.

Listasætunum er síðan skipað niður á efstu menn listans í þeirri röð sem þeim er raðað af hálfu framboðsins.

Persónusætunum er útteilt í kjölfarið eftir tölu persónulegra krossa hvers frambjóðanda og þá að sjálfsgöðu hlaupið yfir þá sem þegar hafa hlotið listasæti.

- Ástæða þessarar röðunar – listasætin fyrst, síðan persónukjörssætin – er úrskurður stjórnlagadómstóls í Bremen sem úrskurðaði að hin röðin, sem frumkvölar þjóðaratkvæðagreiðslunnar vildu heldur, bryti í bág við stjórnarskrá borgríkisins. Nokkuð sem virðist undarlegt í ljósi afleiðinganna.
- Í sveitarstjórnarkosningum í landinu Neðra-Saxlandi er þessu einmitt snúið við: Persónusætin fyrst, listasætin síðan. Munurinn getur verið verulegur. Segjum að listi fái tvo menn kjörna og annað verði listasæti en hitt persónusæti. Segjum enn fremur að efsti maður á listanaum hafi flest persónuatkvæði en sá þriðji á listanum næstflest. Síðan komi sá í öðru sæti listans. Samkvæmt reglunum í Bremen fer fyrra sætið til efsta manns á listanum. Hitt sætið fer síðan til þess í þriðja sæti. Væri úthlutað eftir hinni röðinni færi fyrra sætið út á persónufylgi líka til efsta manns á listanum en hitt færi, sem listasæti, til þess í öðru sæti, ekki til þess í því þriðja.

- Ef til vill væri hlutlausara að lista- og persónusætunum væri úthlutað til frambjóðenda til skiptis í þeirri röð sem þeim er skipt í þessa tvo hópa. Sá hópurinn, listakjósundur eða persónukjósundur, sem fleiri hefur atkvæði fær þá fyrst sæti handa frambjóðanda o.s.frv. Niðurröðun jöfnunarsæta í íslenskum kosningalögum er með þessum hætti.

Hamborg

Kjördæmissætunum er úthlutað á undan landskjörssætunum og er þá fyrst fundið út hve mörg sæti hver listi á að fá. Það er gert á grundvelli samtölu þeirra krossa sem falla á frambjóðendur hvers lista eins og í Bremen. Sætunum er síðan skipt milli listanna eftir reglu stærstu leifa.

Þeim kjördæmissætum sem hver listi hefur nú hlotið er deilt út á frambjóðendur hvers lista á grundvelli krossafjölda frambjóðendanna. Það er sem sagt hreint persónukjör. Uppstillingin á listanum skiptir hér engu máli enda ekki leyft að merkja við lista.

Landskjörsatkvæðin ein ráða því hve mörg sæti hver stjórnmalasamtök fá í heild af hinu 121 þingsæti. Fylgi hverra samtaka er fundið með því að telja saman alla krossa greidda landslista samtakanna og frambjóðendum á honum; allt eins og í hvoru kjördæmanna í Bremen.

Fyrst eru þau stjórnmalasamtök útilokuð sem ekki ná 5% fylgi.

- Slíkur þröskuldur er ekki bundinn í stjórnarskrá í Hamborg, öndvert við það sem er í Bremen.
- Til fróðleiks má rifja upp að 5% þröskuldur varðandi jöfnunarsæti var upphaflega í íslensku kosningalögum frá 1984 en var síðan felldur út í endanlegri gerð þeirra 1987 – áður en til kosninga kom – þar sem ekki var talið stætt á honum þar sem hann var ekki nefndur í stjórnarskrá. Stjórnarskrárbreytingin 1999 renndi stöðum undir þennan þröskuld sem síðan var lögfestur 2000.

Á grundvelli samtalna atkvæða, krossa, er sætinu 121 skipt á milli stjórnmalasamtakanna. Það er aftur gert með reglu stærstu leifa.

Þegar kemur að útteilingu sätanna vandast málið. Fyrst eru dregin frá þau sæti sem stjórnmalasamtök kunna þegar að hafa fengið í kjördæmunum. Þannig dregst alls 71 sæti frá.

- Hafi stjórnmalasamtök þegar fengið fleiri kjördæmissæti en landskjörið segir til um halda þau samt öllum þeim sätum. Þetta getur t.d. átt við um þá sem náðu kjöri í kjördæmum sem einstaklingar utan flokka eða náðu kjördæmiskjöri þótt stjórnmalasamtök þeirra hefði ekki fengið hlutdeild í landskjörinu sakir 5% þröskuldarins.
- Til fróðleiks má geta þess að alþýski stjórnlagadómstóllinn hefur dæmt það stjórnarskrárbrot að flokkar geti haldið sätum umfram landsfylgi; sjá <http://landskjor.is/media/frettir/StjornlagadomstollVefur2010.pdf>. Hvorki er útséð um hvað við tekur né heldur hvort þetta muni hafa áhrif í landsþingskosningum í einstökum ríkjum Þýskalands.

Næst er að koma landskjörssætunum 50 út til einstakra frambjóðenda innan landslistanna.

- Frambjóðendur á landslistum sem kunna þegar að hafa verið kjördæmiskjörnir koma ekki til álita.

Eins og í kjördæmiskjöri í Bremen er nú sätunum 50 skipt í tvennt hjá hverjum lista, annars vegar eftir heildartölu krossa sem færðir eru við listanafnið (listasætin) og hins vegar eftir heildartölu krossa sem greiddir hafa verið einstökum frambjóðendum listans (persónusætin). Hér er aftur beitt reglu stærstu leifa.

- Athuga ber að persónuatkvæði greidd þeim sem kunna að hafa verið kjördæmiskjörnir eru meðtalin í heildartölu persónuatkvæða.

Listasætunum er síðan skipað niður á efstu menn listans í þeirri röð sem þeim er raðað af hálfu listans.

Persónusætunum er útteilt eftir tölu persónulegra krossa hvers frambjóðanda og þá að sjálfsögðu hlaupið yfir þá sem þegar hafa hlotið listasæti eða náð kjördæmiskjöri.

Kosningar 2011 í Bremen

Gögn

Í kosningum til borgarþingins í Bremen 22. maí 2011 var í fyrsta sinn kosið eftir hinum nýju reglum. Úrslitin má sjá í smáatriðum á vefsíðu hagstofu Bremen:

http://www.statistik.bremen.de/sixcms/media.php/13/Stat%20Mitt113_Lw11_Teil%201%20Analyse%20und%20Tabellen.pdf.

Enn fremur er greiningu á áhrifum hinna nýja kosningalaga, bæði í Bremen og í Hamborg, að finna á vefsíðu Lothars Probst, prófessors í Bremen:

<http://www.awapp.uni-bremen.de/2011/07/07/effekte-der-neuen-wahlssysteme-in-hamburg-und-bremen/>

og

http://www.awapp.uni-bremen.de/wp-content/uploads/2011/07/analyse_effekte_wahlssysteme_hh_hb_awapp1.pdf

Framboð

Nær 500 þús. manns höfðu kosningarrétt sem er um helmingi fleiri en á Íslandi.

Alls buðu 16 listar fram en 14 þeirra hlutu sæti. Frambjóðendur til sætanna 83 voru 369. Tveir þriðju frambjóðenda voru karlar en þriðjungur konur. Listarnir voru afar mislangir, frá 1 frambjóðanda til 64.

Kjörsókn o.fl.

Kjörsókn hefur farið síminnkandi síðustu 30 árin, lækkað úr um 80% í 55% nú.

Krossarnir 5 voru nær fullnýttir, meðaltalið var 4,95 krossar.

Ógildir seðlar

Verið var að kjósa í fyrsta sinn samkvæmt mjög breyttu fyrirkomulagi og mátti búast við mörgum ógildum seðlum. Hlutfall þeirra nam 3,3% en hlutfallið hefur legið undir 2% í fyrri kosningum. Auðir seðlar eru taldir til ógildra og námu þeir 2/5 hinna ógildu. Raunverulega gallaðir seðlar voru því um 2%. Langalgengasti gallinn – í nær öðru hvoru tilfella – var að notaðir voru fleiri en 5 krossar. Eins og bent er á hér að framan ætti ekki að þurfa að ógilda slíka seðla. Hefði það ekki verið gert væri ekkert óeðlilegt við tölu ógildra seðla (að þeim auðu aðskildum).

Notkun persónukjörs

Um 40% nýttu sér persónukjörið en 60% létu við það sitja að greiða listum atkvæði (en sumir þeirra dreifðu atkvæðunum 5 á fleiri en einn lista). Hlutföllin vísa raunar til skiptingar á krossunum 5. Sumir gerðu nefnilega ýmist að krossa við lista eða frambjóðendur. Því er

marktækara að leggja krossafjöldann til grundvallar.


Athyglisvert er að kjósendur stærsta flokksins, Sósíaldemókrata (SPD), voru duglegri en aðrir að nýta sér persónukjörið. Hjá þeim var það helmingur kjósenda. Hlutfallið var allverulega minna hjá næststærsta flokknum, Kristilegum demókrötum (CDU), en hjá Græningjum og Vinstri-flokknum voru langflestir flokkshollir.

Um 30% kjósenda „flökkuðu á milli flokka“, ýmist með því að kjósa fleiri en einn lista eða með því að velja frambjóðendur mismunandi flokka. Langflestir þeirra sem flökkuðu létu við tvo flokka sitja. Algengasta samsetning flokka var að kjósa saman Sósíaldemókrata og Græningja – og kom víst engum á óvart.

Athyglisvert er að heil 22% kjósenda nýttu sér atkvæðafrelsið til fulls í þeim skilningi að kjósa ýmist flokks- eða flokkalista auk þess að setja krossa við einstaka frambjóðendur út og suður.

Fylgibreytingar

Talsverðar breytingar urðu á fylgi flokkanna í borgarþingskosningunum í Bremen eins og sést á II. mynd. Efri helmingur hennar sýnir skiptingu atkvæða í báðum kjördæmunum milli flokka og neðri helmingurinn sýnir fylgibreytingar frá kosningunum á undan, 2007.



II. mynd: Landslistafylgi flokka í Bremen 2011 og breyting frá 2011.

Áhrif persónukjörs

Áhrif persónukjörsins voru veruleg. Af þingmönnum 83 komust 18 á þing vegna persónuatkvæða en hefðu ekki náð kjöri ef listavalið eitt hefði ráðið. Athyglisvert er að þetta réðst að nokkru af því að fyrst var úthlutað samkvæmt listakjörinu en síðan eftir persónuatkvæðunum, eins og að framan greinir. Hefði röðin verið öfug (sbr. Neðra-Saxland) hefðu einungis 6 frambjóðendur náð kjöri sem ekki hefði tekist það ef flokksröðin hefði haft forgang.

Þar sem notkun persónukjörsins var mest hjá kjósendum Sósíaldemókrata er athyglisvert að skoða þá nánar.

Flokkurinn fékk alls 36 sæti sem skiptust jafnt á lista- og persónusæti.

Í stærra kjördæminu, Bremenborg, fékk flokkurinn 30 sæti; þar af 14 sem listasæti en 16 sem persónusæti. Helmingurinn var fyrir neðan 30. sætið og hefði því ekki náð kjöri ef flokksröðun ein hefði ráðið för. Ef nöfn þessara 8 persónukjörunu eru skoðuð virðist helmingur þeirra vera erlendum, einkum tyrkneskur! Það er síðan önnur saga að þessir erlendu eru flestir (jafnvel allir) karlar, nokkuð sem raskaði aðstefndum jöfnuði karla og kvenna í þingflokki Sósíaldemókrata.

Annar fróðleikur

Kosningalög og hefðir í Bremen heimila mjög mikla sundurgreingu á atkvæðum. Kjósendur fá seðla í mismunandi litum eftir kyni þeirra og aldri. Þá er talið eftir kjörstöðum. Til dæmis er unnt að finna út hve margir konur milli sextugs og sjötugs kusu flokk „Reiðra borgara í Bremerhaven“ á litlum kjörstað. Slík hnýsni færi efalaust fyrir brjóstið á dómurum á Íslandi!

Þessi ítarlega tölfræði sýnir m.a. að hlutfall ógildra seðla vex markvert með aldri, nokkuð sem ætti ekki að koma á óvart.

Kosningar 2011 í Hamborg

Gögn

Í Hamborg var kosið 20. febrúar 2011 og í fyrsta sinn kosið eftir ofangreindu fyrirkomulagi.

Raunar þurfti að endurtaka kosningu á kjörstað í einu kjördæmanna þar sem kjósendur höfðu fengið ranga kjörseðla! Endurkosið var 15. maí 2011.

Úrslitin má sjá í miklum smáatriðum á vefsíðu hagstofu Norður-Þýskalands:

<http://www.statistik-nord.de/wahlen/wahlen-in-hamburg/buergerschaftswahlen/201>.

Jafnframt vísast á ný á greiningu á vefsíðu Lothars Probst, prófessors í Bremen.

Framboð

Um 1.250 þús. manns höfðu kosningarrétt í borgarþingskosningunum í Hamborg.

Alls buðu 127 listar fram í kjördæmiskjörinu með 712 frambjóðendum samtals eða að meðaltali 42 í hverju kjördæmi.

Í landskjörinu voru 13 listar í boði með alls 323 frambjóðendum. Frambjóðendur voru 25 að meðaltali á hverjum lista, en leyft hámark var 60 nöfn.

- Frambjóðendur í landskjörinu í Hamborg voru ekki umtalsvert færri en þeir sem voru í boði í kosningunni til stjórnlagabings, þar sem frambjóðendur voru 522 að tölu og þótti ógnvænlegt. Ekki verður lesið að það hafi þótt tiltökumál í Hamborg að kjósendur þyrftu að taka afstöðu til svo margra frambjóðenda og það í kjölfar þess að hafa dreift 5 krossum á frambjóðendur í kjördæmiskjörinu. Ekki nóg með það, heldur var samtímis kosið til hverfisstjórna í Hamborg þar sem alls 2.392 frambjóðendur komu við sögu!

Kjörsókn o.fl.

Um kjörsókn er sama að segja og í Bremen, lág og lækkandi. Nam nú rúmum 57%.

Kjósendur í Hamborg voru enn duglegri að nýta krossa sína en þeir í Bremen, notuðu að meðaltali 4,98 krossa af 5 mögulegum í landskjörinu og 4,94 í kjördæmiskosningunum.

Ógildir seðlar

Um þetta atriði er næsta sama að segja og í Bremen. Mistökin hjá kjósendum voru þau að nota fleiri en 5 krossa, nokkuð sem ætti ekki að gera refsivert.

Notkun persónukjörs


Hamborgarar nýttu sér persónukjörið enn betur en grannar þeirra í Bremen. 47% krossa féllu á frambjóðendum en 53% á lista.

Eins og í Bremen voru sósíaldemókratískir kjósendur kátari með persónukjörið en aðrir. Hjá krötum fór meirihluti krossa, 52%, á persónur í landskjörinu. Ef til vill hefur þetta eitthvað með afstöðu flokksforystu til persónukjörsins að gera. Hér er þó ekki allt sem sýnist, sbr. það sem síðar segir.

Kjósendur í Hamborg gerðu þó minna af því en þeir í Bremen að flakka á milli flokka. Einungis 14% kjósenda létu fleiri einn flokk njóta krossa sinna, ýmist með því að merkja við fleiri á flokkslista eða frambjóðendum hjá fleiri en einum flokki. Þetta á við um landskjörið; í kjördæmunum var hlutfallið litlu hærra eða 16%. Algengasta samsetning flokka var að kjósa saman Sósíaldemókrata og Græningja allt eins og í Bremen.

Fylgisbreytingar

Enn meiri breytingar urðu á fylgi flokka en í Bremen. Meðfylgjandi III. mynd er þar að lútandi. Vinstri helmingur hennar sýnir skiptingu atkvæða í landskjörinu (sem er það sem máli skiptir) milli flokka og hægri helmingurinn sýnir fylgisbreytingar frá kosningunum á undan, 2008.



III. mynd: Landslistafylgi flokka í Hamborg 2011 og breyting frá 2011.

Áhrif persónukjörs

Áhrif persónukjörsins voru veruleg, eins og í Bremen.

Taka má sem dæmi hvað gerðist hjá CDU í landskjörinu.

- Flokkurinn sker sig ekkert úr; hann er hér valinn þar sem hann er fyrst nefndur í allri upptalningu í opinberum skýrslum.

I. og II. tafla sýna útkomuna.

Hamborg	Kjördæma- kjör	Landslistakjör		
Skipting atkvæða	Atkvæði 784.791	Atkvæði 753.805	<i>þar af listaatkv.</i> 408.774	<i>þar af pers.atkv.</i> 345.031
Skipting borgarþingsæta	Kjördæma- kjörnir 18	Í heild 28	Þar af á landslista Listasæti 5	Persónusæti 5

I. tafla: Atkvæði og sæti CDU við borgarþingskosningar í Hamborg 2011.

- Efri bálkur I. töflu sýnir atkvæðatölur bæði í landskjörinu og kjördæmiskjörinu. Hafa verður í huga að hver kjósandi hefur 5 atkvæði eða krossa í höndunum. Tölurnar sýna því allt að fimmfaldan fjölda kjósenda. Fylgi CDU í landskjörinu var nokkru minna en í kjördæmiskjörinu.
- Af landslistaatkvæðum CDU féllu nokkru fleiri á listann sjálfan en á einstaka frambjóðendur hans.
- Neðri bálkur I. töflu sýnir hvernig sætin skiptast í kjördæmissæti og landskjörssæti. Landsfylgið, summa listaatkvæða og persónuatkvæða, gaf CDU-flokknum rétt á 28 sætum. Þar af náði hann 18 í kjördæmiskosningunum. Þau sæti dragast frá og 10 sæti koma því af landslista. Þeim ber að skipta í hlutfalli við lista- og persónuatkvæði og skiptust jafnt, 5 af hvoru lagi.

Frambjóðendur (alls 60)	Röð á lista	Atkv. í persónu- kjöri	Röð skv. persónukjöri	Hefðu náð kjöri af lista?	Hefðu náð kjöri að vali kjósenda?
<i>Náðu kjöri á grundvelli röðunar á lista, listasæti:</i>					
Ahlhaus, Christoph	1	194.511	1	Já	Já
Schira, Frank-Thorsten	2	12.226	5	Já	Já
Spethmann-Berssenbrügge, Viviane	3	5.152	7	Já	Já
Roock, Hans-Detlef	4	2.954	12	Já	
Dr. Scheuerl, Walter	5	22.615	2	Já	Já
<i>Náðu kjöri á grundvelli persónuvals, persónusæti:</i>					
Wersich, Dietrich	10	15.431	3	Já	Já
Vahldieck, Heino	31	13.251	4		Já
Haufler, Nikolaus	50	5.172	6		Já
de Vries, Christoph	8	3.122	8	Já	Já
Stöver, Birgit	35	3.081	9		Já
<i>Fjöldi "jáa" alls</i>				7	9
<i>Þeir aðrir sem voru annað hvort meðal 10 efstu á flokkslistanum eða að vali kjósenda:</i>	Röð á lista	Atkv. í persónu- kjöri	Röð skv. persónukjöri	Hefðu náð kjöri af lista?	Hefðu náð kjöri að vali kjósenda?
Dr. Föcking, Friederike	7	3.028	11	Já	
Krüger, Harald	9	2.115	16	Já	
Ploog, Wolfhard	6	1.787	23	Já	
Stemmann, Hjalmar	21	3.066	10		Já
<i>Að auki eru frambjóðendur sem hvorki voru meðal 10 efstu á flokkslistanum né heldur að vali kjósenda.</i>					

II. tafla: Útdeiling landslistasæta CDU við borgarþingskosningar í Hamborg 2011.

- II. tafla sýnir hvernig sætunum 10 sem flokkurinn fær til ráðstöfunar af landslista er útteilt. Þrír af frambjóðendum höfðu þegar náð kjöri í kjördæmi, en þeirra er ekki getið í töflunni. Persónuatkvæði þeirra eru samt meðtalin í I. töflu eins og fyrir er um mælt.
- Fyrst er 5 sætum ráðstafað á grundvelli hreinna listaatkvæða. Þau fara þá til 5 efstu manna á listanum. Einn af þessum 5, Hans-Detlef Roock, hefði ekki náð kjöri ef persónuatkvæðin ein hefðu ráðið för, þar sem hann lenti í 12. sæti í persónukjörinu. Hinir fjórir flokkslistapingmennirnir eru jafnframt meðal 10 efstu hjá kjósendum og hefðu því náð kjöri þótt persónuatkvæðin ein hefðu fengið að ráða.
- Síðustu 5 sætum listans er úthlutað á grundvelli persónukjörsins. Kjósendur gripu alvarlega fram í fyrir flokknum. Aðeins 2 af þessum 5 persónukjörnu voru meðal 10 efstu á flokkslistanum. Hinir 3 voru neðar. Einn þeirra, Nikolaus Haufler, var meira að segja í 50. sæti en kjósendur settu hann í 7. sæti.
- Í heild má sjá að flokkurinn fékk 7 af sínum mönnum kjörna, en kjósendur gerðu betur; þeir fengu 9 kjörna eftir sínu höfði. Aðeins einn (fyrirnefndur Roock) var kosinn í óþökk kjósenda en þó ekki verr en svo að hann var sá 12. hjá kjósendunum eins og fyrir segir.
- Síðasti bálkur töflunnar sýnir annars vegar þá þrjá flokkslistamenn sem kjósendur boluðu í burtu og hins vegar þann eina, Hjalmar Stemann, sem kjósendur fengu ekki kjörinn að sinni ósk.
- Athyglisvert er hve mörg persónuleg atkvæði komu í hlut efsta manns á listanum. Hann fékk ríflega helming allra persónuatkvæða. Eins og fram kemur hér á eftir hafa margir kjósendur trúlega viljað styðja listann óbreyttan en gert það með þessum hætti. Hefði stuðningurinn við foringjann verið í hófi, t.d. 50.000 atkvæði í stað 194.511, hefði hann samt verið langvinsælastur manna listans. Ef mismunurinn, 144.511 atkvæði, hefði talist til listaatkvæða en ekki persónuatkvæða hefði skipting sætanna 10 orðið með þeim hætti að 7 borgarþingsmenn hefðu komið inn eftir listaröðinni en aðeins 3 skv. persónuúrslitunum. Sé rýnt í II. töflu sést að tveir þeirra sem ekki náðu kjöri, þeir 6. og 7. á lista flokksins (sjá neðsta bálk töflunnar), hefðu við þetta hlotið sæti en tveir af þeim sem hlutu persónuatkvæði orðið að víkja, en þeir fengu hvort eð er ekki mörg atkvæði, 3.122 og 3.081. Þetta sýnir umtalsverðan galla á þessu Hamborgarkerfi.

Annar fróðleikur

Þrátt fyrir afar flóknar kosningar í Hamborg tókst að birta bráðabirgðaniðurstöður um fylgi flokka og skiptingu sæta á milli þeirra þegar fyrir miðnætti á kjördag. Aftur á móti voru endanleg úrslit svo og útdeiling sæta birt um hálfum mánuði síðar, en talið var í höndunum þar sem ekki tókst að ganga frá tölvutalningu í tæka tíð eins og að var stefnt. Sætaskiptin milli flokka var óbreytt frá bráðabirgðatölunum.

Borgarkjörstjórnin (landskjörstjórn) í Hamborg hefur birt ítarlega skýrslu um framkvæmd kosninganna, m.a. um kostnað. Hið breytta kosningakerfi hefur leitt til umtalsvert meiri útgjalda en var áður, ekki síst vegna aukins kostnaðar við prentun kjörseðla, kjörbókanna.

Eins og í Bremen er birt ítarleg sundurgreining á úrslitum í Hamborg eftir flokkum, kyni, aldri o.s.frv.

Athugasemdir og gagnrýni

Kosningakerfin í Hamborg og Bremen á efalaust eftir að slípa til í ljósi reynslunnar. Mikið lof hefur verið borið á kerfin, en líka bent á ýmislegt sem orkar tvímælis. Nefna má eftirfarandi frá borgarþingskjörinu í Hamborg:

- Efstu menn á hverjum lista fengu mjög stóran hlut persónulegra atkvæða. Þetta hefur þegar verið nefnt varðandi CDU en kemur þó skýrast í ljós hjá SPD. Flokkurinn fékk 795 þús. listakrossa en frambjóðendur hans fengu 873 þús. persónukrossa. Af þessum sökum skiptust 25 landskjörssæti flokksins þannig að fyrst komu 12 efstu menn listans en hinir 13 náðu persónukjöri. Hængurinn er sá að efsti maðurinn á lista SPD, Olaf Scholz, fékk megnið af þessum persónulegu atkvæðum, eða 633 þús. stykki. Margir kjósendur hafa merkt við efsta mann og þar með viljað slá tvær flugur í einu höggi: Styðja foringjann sérstaklega en leggja líka blessun sína yfir listauppstillinguna. En með því að gera það svona í stað þess að merkja einfaldlega við listann voru þeir að gefa persónukjörinu óeðlilega mikið vægi; nokkuð sem olli því að ýmsir neðarlega á listanum komust að beinlínis vegna þessa stuðnings kjósenda við foringjann einan!
- Svo má líka vera að a.m.k. einhverjir þessara umræddu kjósenda hafi einmitt viljað fela þeim sem höfðu fyrir því að raða að hafa áhrif og hafi því meðvitað sett krossa sína við efsta frambjóðandann í stað listans sjálfs. Þar með voru þeir ekki að breyta röðinni en gáfu samt þeim undir fótinn sem hirtu um að raða. Spyrja má hví þeir hafi þá ekki dreift krossunum sínum á 5 efstu menn. Hængurinn við þá aðferð er sá að krossarnir eru allir jafngildir.
- Þetta má laga með ýmsu móti. Einföld leið er að snúa við úthlutunarröðinni; úthluta fyrst á grundvelli persónukjörsins en síðan listasætunum (sbr. áðurnefnt fyrirkomulag í Neðra-Saxlandi). En það eru til betri leiðir. STV-röðunaraðferðin myndi leysa margt af þessu.
- Þeir sem voru nr. 31 á flokkslistunum fengu líka undarlega mörg persónuatkvæði. Eina skýringin sem fundist hefur er sú að flokkslistarnir skiptust á tvær blaðsíður og byrjaði sú seinni á manni nr. 31. Sagt er að einn frambjóðandi CDU hafi beinlínis sóst eftir þessu sæti á listanum vitandi hvaða forgang það myndi veita. Frambjóðandinn hefur andmælt þessu, en nú vill svo til að hann var innanríkisráðherra borgríkisins fram að kosningunum og hafði hugsanlega upplýsingar um gerð kjörseðlanna sem aðrir höfðu ekki, segir Gróa á Leiti.

Í Hamborg fara kjósendur með tvö aðskilin atkvæði eins og fyrr segir. Annað atkvæðið er til að velja hina kjördæmiskjörnu frambjóðendur en hitt til að velja lista eða frambjóðendur í landskjöri. En það eru aðeins landskjörsatkvæðin sem skipta pólitísku máli. Tala þeirra ræður heildarskiptingu sæta á milli flokkanna. Kjördæmiskjörið hefur þær einu afleiðingar að með því er fundið hverjir skipa eigi sæti hvers flokks sem fengin eru í landskjörinu. Þá má spyrja hvort það sé eðlilegt og sanngjarnt að leyfa val þvert á lista í kjördæmiskjörinu; hvort eðlilegt sé að kjósandi geti haft áhrif á það hverjir skipa þau sæti sem flokkur fær án þess að hann þurfi að bera á því nokkra pólitíska ábyrgð með landslistaatkvæði sínu.

Með nokkurri einföldun má spyrja hvort það sé eðlilegt að kjósandi geti grautað í listum annarra flokka en þeim sem hann veitir síðan stuðning í landskjörinu.

Þessi spurning á ekki síður við um kosningar til sjálfs sambandsþingsins í Berlín.